



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Miðvikudaginn 21. febrúar 2018 var haldinn fundur í hafnar- og skipulagsnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 16.00. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Jóhann Sigurjónsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Sigríður Gestsdóttir, Hallbjörn Björnsson, Magnús B. Jónsson sveitarstjóri og Bragi Þór Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Adolf H. Berndsen formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Skipulagsmál

a. Einbúastígur 8-10, ferðaþjónustureitur

Fyrir fundinum lá yfirlit um skipulag 12 smáhýsa fyrir ferðaþjónustu á reit norðan sundlaugar og sambyggðrar gisticningar með 12 gistirýmum á reit þar sem oliutankar stóðu við rætur höfðans. Lóðirnar eru skilgreindar sem Einbúastígur 8 og 10.

Umrætt lóðaskipulag er til komið vegna óformlegs erindi Eðvarðs Hallgrímssonar fh. Lauru ehf og gert samkvæmt tillögu sem hann sendi inn með ósk um að fá heimild til að byggja umræddar byggingar á lóðunum. Meðfylgjandi voru þrívíddarmyndir sem sýna hvernig umræddar einingar myndu líta út á lóðunum. Fyrir fundinum lá einnig yfirlitsmynd úr Aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem kemur fram að reiturinn er skilgreindur að hluta sem athafnasvæði og að hluta sem opið svæði til sérstakra nota. Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim undirbúningi sem hafi átt sér stað um vegna málsins. Hann gerði einnig grein fyrir að samkvæmt skipulagi þurfi að gera breytingu á Aðalskipulagi og vinna deiliskipulag vegna málsins ef fallist verður á umrædda notkun lóðanna.

Umræður urðu um málið og samþykkt að vinna áfram með það á þeim forsendum sem lágu fyrir fundinum. Jafnframt samþykkt að hefja skipulagsferli til að hægt sé að úthluta lóðunum í framangreindum tilgangi.

b. Oddagata 3, byggingarnefndarteikningar

Fyrir fundinum lágu byggingarnefndarteikningar að nýbyggingu einbýlishúss á lóðinni Oddagötu 3. Teikningar eru unnar af Stefáni Þ. Ingólfssyni arkitekt. Á afstöðumynd kemur fram að mænisstefna hússins er samsíða Ægisgrund sem umsækjandi óskar eftir að verði samþykkt. Í skráningartöflu sem fylgir uppdráttum kemur fram að brúttóflötur húss er 243 fm. Á aðaluppdrætti kemur fram að mænishæð húss er 4,9 m.

Samþykkt að veita umsækjendum lóðina Oddagötu 3 til að byggja á henni einbýlishús. Mænisstefna húss, stærð og staðsetning samþykkt en útgáfu byggingarleyfis vísað til byggingarfulltrúa.



c. Afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa

Bragi Þór gerði grein fyrir þeim erindum sem hann hafi afgreitt sem byggingarfulltrúi.

2. Höfnin

a. Smábátahöfn – skipulag – hönnun

Fyrir fundinum lá grunnmynd af hönnun smábátahafnar sem byggð verði austan við Skúffugarð. Gert er ráð fyrir rúmlega 80 m löngum grjótgarði til austurs frá suðurenda Skúffugarðs og tveimur 40 m flotbyggjum. Einnig lá fyrir fundinum snið af grjótgarði sem sýnir hæð hans og umfang. Fram kom á fundinum að unnið sé að hönnun smábátahafnar skv. framansögðu og hönnunar og útboðsgögn geti legið fyrir í marsmánuði. Einnig kom fram að gera þurfi breytingar á Aðalskipulagi vegna umræddrar smábátahafnar. Sveitarstjóra falið að hefja sem fyrst skipulagsferlið svo það tefji ekki fyrirhugaðar framkvæmdir.

b. Gjaldskrá hafnar 2018

Fyrir fundinum lá gjaldskrá hafnarinnar 2018 sem hafði áður hlotið samþykki sveitarstjórnar. Sveitarstjóra falið að yfirfara nokkrar ábendingar.

3. Önnur mál.

Ekki voru mál tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.45

_____	_____
_____	_____
_____	_____